



Gróðurhúsaáhrif

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Geta tekið rökstudda afstöðu, efla gagnrýna hugsun og víðsýni. Nemendur skilji og rifji upp námsefni vetrarins og átti sig á mikilvægi skóga fyrir orkuflæði í vistkerfum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námssgreinar: raungreinar, lífsleikni, íslenska og samfélagsfræði.

Elsta stig.



VERKLÝSING

Unnið er með áhrif mannsins á umhverfi sitt. Styrkur súrefnis og koltvíoxíðs í andrúmslofti og fyrirsjáanlegar breytingar. Hvað getum við gert?

Í upphafið er farið í vettvangsferð og kennari er með innlögð þar sem talað er um og útfrá nýlegum greinum um efnið. Málin eru rædd og komið með mögulega afstöðu hvers og eins ásamt hugmyndum um hvað er hægt að gera.

Þá er nemendum skipt í hópa og hver hópur fer í rannsóknarvinnu, nýtir sér heimildir og rifjar upp með samhjálp. Eftir þælingar þarf að taka sameiginlega afstöðu og skila af sér grein til birtingar þar sem kemur fram í byrjun rannsóknarspurning og svo niðurstöður út frá þeirri rannsóknarspurningu.

Hver hópur kynnir sinn afrakstur og svarar spurningum.

Hér er hugsað beint um námsefni 10. bekkjar og upprifjun á því en auðvelt ætti að vera að yfirfæra þessa leið á aðra bekki elsta stigs grunnskóla. Ætlast er til að nemendur geti skýrt mögulegar afleiðingar þess ef jafnvægi raskast og hver áhrif mannsins eru fyrir jörðina.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Dagblaðsgreinar, kennslubækur, ítarefni m.a. kennslubækur framhaldsskóla í náttúrufræði og vísindavefur HÍ.

Mat: Sjálfs- og jafningjamat.